

andvana barn, skal fæðingarorlof aldrei vera minna en einn mánuður eftir fæðingu. Sama gildir ef um er að ræða fósturlát sem jafna má til fæðingar. Kona sem fer í barnsburðarleyfi skal hafa tilkynnt við upphaf leyfis, ef hún hyggst láta af starfi við lok leyfisins. Ef breyttar heilsufarsástæður eða aðrar breyttar fjölskylduaðstæður, sem ekki verða séðar fyrir, verða á leyfistímanum skal þó tekið tillit til slíkra aðstæðna.

Um framkvæmd á barnsburðarleyfi kennara fer samkvæmt sérákvæðum í samningum fjármálaráðherra og einstakra kennarafélaga.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 17. gr. laga nr. 38/1954, öðlast gildi 1. janúar 1981.

*Fjármálaráðuneytið, 15. maí 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

*Dorsteinn Geirsson.*

## REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðilæknishjálpi, rannsóknum og röntgengreiningu.

## 1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðilæknishjálpi, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 42 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 42 hvernar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 42 af kostnaði við hverja röntgengreiningu. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf t. e. a. s. kr. 21 í hvert skipti.

## 2. gr.

Allar greiðslur, sem um getur í 1. gr., skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálpi, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar til að öðlast gildi 1. júlí 1981. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 641/1980 með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1981.*

**F. h. r.**

**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*